

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald, stofngjald fráveitu, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu, afgreiðslu- og þjónustugjöld í Þingeyjarsveit.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í Þingeyjarsveit skal greiða byggingarleyfisgjald og afgreiðslu- og þjónustugjöld skv. samþykkt þessari í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010. Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli í Þingeyjarsveit skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda tengigjald holræsa skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og skipulagsvinnu eru lögð á skv. heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum tvisvar á ári, á sex mánaða fresti 1. janúar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins hjá Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð miðað við 100 1. desember 2021, 249.102 kr./m².

II. KAFLI

Gatnagerðargjald.

2. gr.

Almenn heimild til álagningar gatnagerðargjalds.

Þingeyjarsveit innheimtir gatnagerðargjald af öllum fasteignum í þéttbýli Þingeyjarsveitar eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

3. gr.

Gjaldskylda.

Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, er gjaldskyldur samkvæmt samþykkt þessari og ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

4. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til fjárfestingar og viðhalds gatnakerfa (gatna, gangstétta og stíga, göngubrúa og mislægra gatnamóta, götuvatna, gatnalýsingar o.fl.). Ráðstöfun gjaldsins til viðhalds er óháð eignarhaldi gatna.

5. gr.

Gjaldstofn gatnagerðargjalds.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er flatarmál byggingar á tiltekinni lóð. Gatnagerðargjald ræðst af brúttófermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð og skal ákveðið samkvæmt a- eða b-lið hér á eftir.

- Þegar Þingeyjarsveit úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð skal gatnagerðargjald ákveðið í samræmi við flatarmál þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt deiliskipulagi. Er það jafnframt lágmarksgjald.
- Verði ekki lagt á gatnagerðargjald skv. a-lið, eða ef veitt er byggingarleyfi fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, skal vegna útgáfu byggingarleyfis leggja á gatnagerðargjald í samræmi við flatarmál þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b- lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppráttum og ÍST 50.

6. gr.

Gatnagerðargjald vegna viðbygginga, endurbyggingar húsa og breyttrar notkunar.

Ef veitt er leyfi til stækkunar byggingar, skal greiða gatnagerðargjald vegna flatarmálsaukningar sem af því leiðir, sbr. þó 7. gr. Greiða skal gatnagerðargjald ef reist er ný bygging í stað annarrar á sömu lóð að því er nemur flatarmálsaukningu. Gildir þessi regla um byggingar, sem samþykkt er byggingarleyfi fyrir, allt að fimm árum eftir að leyfi var gefið fyrir niðurrifi eldri byggingar á sömu lóð. Að öðrum kosti greiðist fullt gatnagerðargjald. Ef hin nýja bygging fellur undir annan gjaldflokk en sú sem rifin var, sbr. 7. gr., fer um hana samkvæmt næstu málsgrein.

Þegar veitt er leyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun byggingar, þannig að hún færist undir hærri gjaldflokk samkvæmt 7. gr., skal greiða gatnagerðargjald af flatarmáli viðkomandi húsnæðis sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi eða byggingarleyfishafi þar sem það á við á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

7. gr.

Útreikningur gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er reiknað sem hlutfall, að hámarki 15%, af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands, 20. desember 2021, á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar. Hlutfallið er sem hér segir eftir notkun og/eða húsgerð:

<i>Gatnagerðargjald</i>	<i>Hlutfall</i>
Einbýlishús	8,5% á m ²
Parhús, raðhús, tvíbýlishús og keðjuhús	7,5% á m ²
Fjölbýlishús	4,5% á m ²
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði	5,3% á m ²
Iðnaðar-, geymslu og annað atvinnuhúsnæði	5,2% á m ²

Viðbygging íbúðarhúsa eldri en 15 ára, 50% af venjulegu gjaldi fyrir fyrstu 30 m², fullt gjald eftir það.

Grunnur að gatnagerðargjaldi miðað við byggingarvísitölu í nóvember 2023 er 116,4 = 289.955 kr./m².

8. gr.

Almennar lækkunarheimildir.

Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar skilyrði a–e- liðar eru uppfyllt:

- Af kjallararýmum íbúðarhúsa skal greiða 25% af venjulegu gatnagerðargjaldi, enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá.
- Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibygggingum í eða á milli verslunar-, skrifstofu og/eða þjónustuhúsnæðis, sem teljast til sameignar viðkomandi húss (húsa) og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma í viðkomandi húsum, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa. Skilyrði þessa er þó að húsnæði, sem yfirbygging eða tengibyggging er byggð við, sé svo sjálfstætt, að það fullnægi kröfum laga um mannvirki og byggingarreglugerðar án hennar og jafnframt að yfirbyggingin eða tengibygggingin sé þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ekki ein og sér kröfum laga um mannvirki og byggingarreglugerðar.
- Vegna sameiginlegra bifreiðageymslna fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar skal greiða 10% af venjulegu gatnagerðargjaldi.
- Ef samþykkt er stækkun íbúðarhúss, sem er a.m.k. 15 ára, skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 30 m² á hverja íbúð. Sé stækkunin hluti sameignar fjöl-eignarhúss, skal meta hana eins og ef um stækkun einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds vegna viðbyggingar, sem fellur undir þennan tölulið, skal meta í einu lagi þær stækkunarir, sem samþykktar hafa verið á sama húsi næstu 10 ár á undan. Ef stækkunin er

meiri en 30 m² á hverja íbúð eða vegna sameignar í fjöleignarhúsi, skal greiða fullt gatnagerðargjald af því sem umfram er.

- e. Af svalaskýlum íbúðarhúsa, sem eru 20 m² eða minni vegna hvernar íbúðar, skal ekki greiða gatnagerðargjald. Ef um stærri skýli er að ræða skal greiða gatnagerðargjald af því sem er umfram 20 m² pr. íbúð.
- f. Af óeinangruðum smáhýsum sem eru minni en 15 fermetrar greiðist ekkert gatnagerðargjald.

Samþykki byggingarfulltrúi breytta notkun húsnæðis eða breytingar á húsnæði að öðru leyti, þannig að það uppfylli ekki lengur skilyrði til lækunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds skv. 1. mgr., skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði samkvæmt gildandi samþykkt, að teknu tilliti til þess sem áður kann að hafa verið greitt vegna sama húsnæðis.

Ef veitt er undanþága frá greiðslu gatnagerðargjalds skv. a-, b- eða c- lið 1. mgr. skal þinglýsa yfirlýsingu á viðkomandi eign um að breytt notkun húsnæðisins geti leitt til álagningar gatnagerðargjalds.

9. gr.

Sérstakar lækunar- og hækkunarheimildir.

Sveitarstjórn getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald á einstökum lóðum við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, eftirspurnar á leigu-húsnæði eða byggðarþróunarátaks. Sveitarstjórn getur lækkað eða fellt niður gatnagerðargjald vegna sérhæfðs, félagslegs húsnæðis, m.a. sambýlis fatlaðra, öryggis- og þjónustuíbúða fyrir aldraða og leiguhúsnæði, enda sé slíkt húsnæði í eigu stofnana, félagsamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir ákvæði þetta. Stafi það af breyttri notkun, sem er háð samþykki byggingaryfirvalda, skulu gjalddagi og eindagi fara eftir 2. mgr. 10. gr., en að öðrum kosti er gjalddaginn 30 dögum eftir að forsendur lækunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds eru ekki lengur fyrir hendi, svo sem vegna sölu húsnæðis, og eindagi 30 dögum síðar.

Sveitarstjórn getur ákveðið að af tilteknum lóðum/byggingarreitum, sem vegna staðsetningar þykja verðmætar, verði gatnagerðargjald allt að 15% af byggingarkostnaði á fermetra vísitölhúss fjölbýlis.

III. KAFLI

Tengigjald fráveitu.

10. gr.

Stofngjald.

Stofngjald holræsa fyrir einbýlishúsalóð er 243.345 kr.. Fyrir aðrar lóðir greiðist, á hverja tengingu, 366.401 kr., að öðru leyti skal fara eftir gjaldskrá fráveitu Þingeyjarsveitar.

IV. KAFLI

Byggingarleyfisgjöld.

11. gr.

Gjaldskrá og flokkun bygginga.

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi og eða skipulagsnefnd samþykkir. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, byggingarleyfi, útmæling fyrir grefti, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir s.s. öryggisúttekt, fohheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt. Skal gjaldskráin vera eftirfarandi:

Byggingarleyfisgjöld íbúðarhúsnæðis:

Einbýlishús	198.671 kr.
Parhús, tvíbýlishús og raðhús á einni hæð	168.319 kr. á íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	143.458 kr. á íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	110.373 kr. á íbúð
Byggingar- og afgreiðslugjald, lágmarksgjald	19.315 kr.
Minniháttar breytingar á útliti og innra skipulagi	27.593 kr.

Meiriháttar breytingar á útliti og innra skipulagi	68.983 kr.
Frístundahús, veiðihús, fjallskálar, eitt hús á lóð	124.169 kr.
Frístundahús með gestahúsi	137.966 kr.
Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker, þrær o.s.frv.	79.235 kr.
Yfirferð sérteikningar skv. reikningi, hámark	179.356 kr.
<i>Byggingarleyfisgjöld – atvinnu- og þjónustuhús</i>	
Gólfflötur allt að 500 m ²	198.671 kr.
Gólfflötur 500-1.000 m ²	350.424 kr.
Gólfflötur 1.001-2.000 m ²	513.234 kr.
Gólfflötur 2.001-5.000 m ²	753.294 kr.
Gólfflötur 5.001-7.500 m ²	1.034.754 kr.
Gólfflötur frá 7.501 m ²	1.379.660 kr.
Yfirferð sérteikningar skv. reikningi, hámark	206.949 kr.
<i>Byggingarleyfisgjöld – óeinangraðar geymslur</i>	
Gólfflötur að 99 m ²	22.075 kr.
Gólfflötur 100-199 m ²	33.112 kr.
Gólfflötur 200-499 m ²	55.186 kr.
Gólfflötur 500-799 m ²	110.373 kr.
Gólfflötur 800-1.999 m ²	331.118 kr.
Gólfflötur frá 2.000 m ²	510.474 kr.
Yfirferð sérteikninga skv. reikningi, hámark	179.356 kr.
<i>Byggingarleyfisgjöld - ýmis hús.</i>	
Sólstofur, garðhús, bílageymslur fyrir að hámarki	
tvo bíla og viðbyggingar allt að 20 m ²	91.058 kr.
Viðbyggingar 20-100 m ²	118.752 kr.
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum stærri en 100 m ² skulu vera þau sömu og af því húsæði sem byggt er við.	

Að öðru leyti skal fara eftir gjaldskrá skipulags- og byggingarsviðs.

V. KAFLI

Framkvæmdaleyfi og skipulagsvinna.

12. gr.

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa.

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða gjald fyrir veitingu framkvæmdaleyfa vegna þeirra framkvæmda sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir. Gjaldið má ekki vera hærra upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins auk kostnaðar við tilheyrandi eftirlit með framkvæmdum. Grunngjaldið skal vera eftirfarandi:

Framkvæmdaleyfi grunnjald:

Framkvæmdagjald – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021	206.949 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir	110.373 kr.
Eftirlit umfram viðmiðunargjald	41.390 kr.

Innifalinn í framkvæmdaleyfisgjaldi er kostnaður sveitarfélagsins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisveitingar auk kostnaðar við eftirlit. Allur kostnaður umfram grunnjald skal greiðast eftir reikningi fyrir útlögðum kostnaði.

13. gr.

Gjöld vegna skipulagsvinnu.

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða gjald fyrir grenndarkynningar og deiliskipulagsbreytingar eins og hér greinir:

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:

Afgreiðslugjald	19.315 kr.
Breytingar á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr.	Aðkeypt vinna greidd

skipulagslaga	eftir reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	206.949 kr.
Óveruleg breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 36. gr.	137.966 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	82.780 kr.
<i>Kostnaður vegna deiliskipulags:</i>	
Afgreiðslugjald	19.315 kr.
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	Aðkeypt vinna greidd eftir reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	206.949 kr.
Veruleg breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	Aðkeypt vinna greidd eftir reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	206.949 kr.
Óveruleg breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	137.699 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	82.780 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 3. mgr. 43. gr.	35.871 kr.
<i>Grenndarkynning:</i>	
Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga, þegar deiliskipulag er ekki fyrir hendi	88.298 kr.
Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr., fyrir byggingarleyfisumsókn	26.214 kr.

VI. KAFLI

Afgreiðslu- og þjónustugjöld skipulags- og byggingardeildar.

14. gr.

Þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar skipulags og byggingardeildar sem hér segir:

Vottorð vegna stöðuleyfa:

Gámur, hús, bátur, hjólhýsi, sumarhús o.fl. Leyfi veitt í eitt ár	22.626 kr.
Söluvagn og söluskúr. Leyfi veitt í 1-6 mánuði	68.983 kr.
Söluvagn og söluskúr. Leyfi veitt í 7-12 mánuði	110.373 kr.

Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga:

2-3 eignir eða viðauki við eignaskiptayfirlýsingu	16.330 kr.
4-12 eignir.	22.180 kr.
13-19 eignir	33.880 kr.
20-29 eignir	45.580 kr.
30-39 eignir	57.280 kr.
40-49 eignir	68.980 kr.
50-69 eignir	80.680 kr.
70-99 eignir	92.380 kr.
100 eða fleiri eignir	115.780 kr.

Tilkynntar framkvæmdir, skv. grein 2.3.6 í byggingarreglugerð:

Viðbygging allt að 40 m ²	113.132 kr.
--------------------------------------	-------------

Afgreiðslu- og þjónustugjöld:

Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar undir 100 m ²	7.174 kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar yfir 100 m ²	7.174 kr.
Hver endurskoðaður aðaluppdráttur	22.350 kr.
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	36.699 kr.
Endurnýjun leyfis án breytinga	16.004 kr.
Úttekt vegna vín- og veitingaleyfa	36.699 kr.
Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa.	12.920 kr.
Breytingar á lóðarsamningi	49.116 kr.
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	26.685 kr.
Gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangsskoðun og mælingar	26.685 kr.
Stöðuleyfi - argjald sem greiðist einu sinni á ári	68.983 kr.

Afgreiðslu- og fyrirspurnargjald byggingarfulltrúa	19.315 kr.
Gjald fyrir afhendingu grunnagna fyrir skipulagsvinnu	12.478 kr.
Gjald fyrir umsýslu vegna breytingar á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 43. gr.	12.478 kr.
Gjald fyrir umsýslu á deiliskipulagi skv. 43. gr.	55.186 kr.
Úttekt á leiguhúsnæði	31.180 kr.
Úttekt, leyfi og umsagnir vegna gistileyfa	31.180 kr.
Breyting á lóðarblöðum	Útlagður kostnaður greiddur eftir reikningi
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	26.685 kr.
Ástandsskoðun húss	31.180 kr.

VII. KAFLI

Greiðsluskilmálar, lögveðsréttur og endurgreiðslur.

15. gr.

Greiðsluskilmálar.

Gatnagerðargjald skv. a-lið 5. gr. fellur í gjalddaga við úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Gjalddagi og eindagi gatnagerðargjalds skv. b- lið 2. mgr. 4. gr., sbr. 5. gr., er útgáfudagur byggingarleyfis. Skal gatnagerðargjaldið greitt áður en byggingarleyfi er gefið út. Tengigjöld fráveitu skv. 10. gr. og byggingarleyfisgjöld skv. 11. gr. greiðast eigi síðar en mánuði eftir samþykki byggingaráforma, ella öðlast leyfi ekki gildi. Sveitarstjórn getur í einstökum tilvikum ákveðið aðra greiðsluskilmála.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi. Gjöld vegna skipulagsvinnu skv. 13. gr. skal greiða áður en gildistaka skipulags er auglýst. Þjónustugjöld skv. 14. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

16. gr.

Innheimta vangreidds gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald ber dráttarvexti frá gjalddaga samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Gatnagerðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og er aðfararhæft án undangengins dóms eða stjórnvaldsúrskurðar. Sveitarstjórn getur kveðið svo á við úthlutun byggingarréttar eða með sérstökum lóða- og framkvæmdaskilmálum að til afturköllunar viðkomandi lóðarúthlutunar geti komið ef lóðarhafi greiðir ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma. Lóðarhafa skal send viðvörðun með 30 daga fyrirvara áður en til afturköllunar kemur.

17. gr.

Endurgreiðsla gjalda.

Endurgreiða skal gatnagerðargjald innan 90 daga ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða ógilt eða lóð er skilað. Gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við samþykkt byggingarleyfis, sbr. b-lið 4. gr., en í þeim tilvikum skal endurgreiða gatnagerðargjaldið innan 90 daga frá því að krafist var greiðslu. Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Hafi framkvæmdir ekki hafist vegna tengingar við fráveitu skal fara með endurgreiðslu tengigjalda skv. 10. gr. líkt og gatnagerðargjald.

Hafi útsetning skv. byggingarleyfi ekki farið fram og framkvæmdir ekki hafist getur umsækjandi fengið helming byggingarleyfisgjalda skv. 11. gr. endurgreiddan. Þar með fellur byggingarleyfi niður.

Endurgreiðslu vegna 5. og 10. gr. er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju en þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt. Ekki koma til bætur vegna hugsanlegra framkvæmda á lóðinni.

Gjöld vegna skipulagsvinnu skv. 13. gr. og þjónustugjöld samkvæmt 14. gr. eru óendurkræf.

18. gr.

Inneign gatnagerðargjalds.

Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð, sem greitt hefur verið lágmarksgatnagerðargjald af samkvæmt eldri reglum miðað við rúmmál bygginga, skal gatnagerðargjald ákvarðað eins og hér segir:

- a. Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð, sem greitt hefur verið lágmarksgatnagerðargjald af samkvæmt eldri reglum miðað við rúmmál bygginga, skal viðbótar gatnagerðargjald ákvarðað út frá því rúmmáli nýrri og eldri bygginga, sem er umfram viðmiðun upphaflega gatnagerðargjaldsins, með því að umreikna það til flatarmáls með meðallofthæð nýbyggingarinnar.
- b. Ef greitt hefur verið gatnagerðargjald miðað við rúmmál byggingar skal ekki lagt á gatnagerðargjald vegna flatarmálsaukningar enda sé ekki um rúmmálsaukningu að ræða.

19. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.

Samningar um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Þingeyjarsveit eða eldri sveitarfélög og hreppi innan sveitarfélagsmarka fyrir gildistöku samþykktar þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem sveitarstjórnir hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, nema aðilar semji skriflega um annað.

20. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12. desember 2024 í samræmi við lög um gatnagerðargjald nr. 153/2006, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast hún þegar gildi.

Við gildistöku hennar fellur úr gildi samþykkt sama efnis nr. 67/2024.

Þingeyjarsveit, 12. desember 2024.

Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.